

Alþingi
Erindi nr. P 130/1613
komudagur 31.3.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 30.03.2004

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins, 518. mál, þskj. 790.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist ofangreind tillaga til þingsályktunar til umsagnar, þar sem lagt er til að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa nefnd sem m.a. geri úttekt á starfsskilyrðum og stöðu Fjármálaeftirlitsins (FME).

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á mikilvægi öflugs fjármálaeftirlits. Á þeim fimm árum sem liðin eru síðan FME varð til við sameiningu Banka- og Vátryggingaeftirlitsins hefur að flestu leyti ríkt ágæt sátt um starfsemi stofnunarinnar. Kostnaðarþátturinn hefur þó verið gagnrýndur.

Fjármálafyrirtækin bera allan rekstrarkostnað FME, en skv. lögum fer stofnunin með mjög afmarkað hlutverk: eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Í raun kemur FME hins vegar að ýmsum stjórnarsýsluverkefnum, svo sem við setningu laga og reglna og tekur þátt í erlendu samstarfi á því sviði. Óeðlilegt er að fjármálafyrirtækin beri kostnað af þessari vinnu FME sem tengist reglusetningu markaðarins. Eðlilegt væri að ríkið bæri þann kostnað af almennu skattfé eins og á öðrum sviðum laga- og reglusetningarvinnu.

Þá gefur sívaxandi rekstrarkostnaður FME - 42% umfram verðlag á fimm ára tímabili - ástæðu til að skoða gaumgæfilega hvernig hægt sé að tryggja ríkara kostnaðaraðhald, t.d. með ríkari kröfu um rökstuðning fyrir hækkun eftirlitsgjalda samhliða auknu vægi samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

Hugsanlega væri rétt að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins fjallaði um fjárhagsáætlanir stofnunarinnar með sama hætti og innan sama ramma og áætlanir annarra stofnana, í því skyni að efla kostnaðaraðhald.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Með hliðsjón af slíkum atriðum eru Samtök atvinnulífsins jákvæð gagnvart því að farið verði almennt yfir starfsskilyrði og stöðu FME, nú u.þ.b. fimm árum eftir að stofnunin tók til starfa.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

